

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 13. apríl 2011 kl. 15:00 í Aðalbyggingu HÍ

Mætt voru: Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Ármann Jakobsson, Irma Erlingsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Oddný Sverrisdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Sólvegi Anna Bóasdóttir, Róbert H. Haraldsson, Sigfinnur Þorleifsson, Valur Ingimundarson, Vilhjálmur Árnason, Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð).

Fundargerð

1. Almenn.

ÁE bar upp tillögu um endurröðun dagskrárliða (nr. 4 að 2 og nr. 2 að 5). Samþykkt.

2. Ráðning sérfræðinga við rannsóknastofnanir Hugvísindasviðs (seinni umræða).

ÁE lagði fram tillögu að vinnureglum við ráðningu sérfræðinga við rannsóknastofnanir Hugvísindasviðs. ESS gerði grein fyrir breytingum frá því sem var kynnt á síðasta stjórnarfund. VI lagði til að það kæmi fram í reglunum að sviðsforseti yrði að hafa samráð við deildarforseta áður en til ráðningar kemur þar sem kennsla verður hluti af starfi sérfræðinganna. Breytingartillaga samþykkt.

Tillagan um vinnureglur var samþykkt samhljóða.

3. Skipulag doktorsnáms.

ÁE óskaði eftir skoðunum vísindanefndar á skipulagi doktorsnáms, þ.m.t. lengd námsins. Í sumum deildum er námið skipulagt sem fjögurra ára nám en í öðrum sem þriggja ára nám. Innan HÍ er doktorsnám næstum undantekningarlaust skipulagt sem þriggja ára nám. Nokkur umræða varð um málið, þar sem eftirtaldar skoðanir komu m.a. fram:

- a. Fólk lýkur hvort eð er ekki á 4 árum, hvað þá þremur. Skiptir því litlu máli.
- b. Doktorsnemar sækja almennt ekki um styrki til námsins fyrr en eftir eitt ár og því skiptir ekki máli að styrkir séu til þriggja ára en nám til fjögurra.
- c. Að fara fram á 240 einingar tefur óneitanlega og lýsir ákveðnu vantrausti á MA námið.
- d. Það væri miklu betra að hafa kerfi þar sem doktorsnemar sækja um styrki áður en þeir fara í nám (eins og t.d. í Skandinavíu).
- e. Við umfjöllun um umsóknir í Rannsóknarnámssjóði þykir oft kostur ef nemandi er kominn af stað. Þeir sem eru í fjögurra ára námi fá þá frekar fullan þriggja ára styrk.
- f. Í stefnu HÍ er nú áhersla á að doktorsnámi fylgi áætlun um fjármögnun.
- g. Ef styrkir fara að ráða því hvaða nemar komast í doktorsnám þá fara styrkveitendurnir að stjórna því hverjir komast í nám hjá einstaka kennurum.
- h. Engin sérstök rök fyrir því að guðfræðinemar þurfi lengri tíma en aðrir doktorsnemar.
- i. Í BNA, þar sem doktorsnámið er lengra, er mikil kennsla inni í náminu. Það var hluti af rökunum fyrir fjögurra ára námi. Að baki liggur allt annað BA próf en á Íslandi.
- j. Í BNA er litið á doktorsnám sem þjálfun í rannsóknum og ekki bara ritgerð.
- k. Til að styrkja MA námið þarf að taka upp meiri handleiðslu í MA náminu. Þekkist næstum ekki við HÍ.
- l. Þær deildir sem eru með 240 eininga doktorsnám ættu að ræða skipulagið sameiginlega.
- m. Bologna viðmiðin eru opin fyrir fjögurra ára doktorsnámi þó þrjú ár séu viðmiðið.

MG sagði frá því að kynningar á doktorsnámi og upplýsingar á heimasíðu háskólans, sviðs og deilda væru loðnar, óskýrar og misvísandi. Heimasíða sviðsins þarf að hafa allar upplýsingar um doktorsnám á einum stað.

ÁE þakkaði umræðuna og sagði að það væri kominn tími til að kalla saman framhaldsnámsnefnd sviðsins. Hún hefur enn ekki fundað.

4. *Endurskoðun á Stuðningssjóðnum og Rannsóknasjóðnum.*

ÁE kynnti hugmyndir um að leggja niður Stuðningssjóð Hugvísindastofnunar og taka upp kerfi sem miðlar hluta mótframlaga beint til þeirra sem afla styrkja. Eins kynnti hann hugmyndir um að taka upp nýtt styrkjaform í Rannsóknasjóði, styrki til þeirra sem fá afburðagott mat á umsókn í samkeppnissjóð án þess að fá styrk. Í þessum tilfellum gætu verkefnisstjórar sótt um styrk til að þróa umsóknina áfram og senda inn aftur eða senda í annan sjóð. VI benti á að háskólinn gæti lagt niður mótframlagakerfið og því yrði að fara varlega í miðlun þeirra til starfsmanna. RHH benti á að það væri hægt að færa þessi mótframlög sem mótframlag í styrkumsókn, ef þess er þörf. Hann benti einnig á að það þyrfti að passa upp á að þetta væri í flútti við stefnu háskólans. ÁE velti upp spurningunni hvort mótframlagastyrkirir væru hluti af mótframlagakerfi eða hvatakerfi og taldi það eiga að vera hið síðara.

ESS og MG falið að þróa hugmyndirnar áfram og leggja fram endanlegar tillögur á næsta fundi.

5. *Ársfundur Hugvísindastofnunar.*

ÁE bar upp að nú þyrfti að fara að huga að ársfundi (aðalfundi) Hugvísindastofnunar. Hann hefur ekki verið á föstum tíma en nú er stefnt að fundi í vor, hugsanlega samhliða sviðsþingi. VÁ nefndi að stundum væri boðið upp á erindi á ársfundi.

6. *Verkferlar vegna umsókna, samninga og reksturs rannsóknaverkefna.*

ESS kynnti tillögur að verkferlum við umsóknir í erlenda sjóði, samninga og rekstur verkefna. Tillögurnar, frá vinnuhópi rannsóknastjóra sviðanna (eða sambærilegra starfsmanna) og Rannsóknþjónustu HÍ, fara nú til miðlægrar stjórnarsýslu sem mun þróa þá áfram og samræma öðrum ferlum. Hann óskaði eftir stuðningi stjórnar við innleiðingu verkferlanna. Þeir snúa að miklu leyti að því að tryggja að allir sem þurfa séu upplýstir og komi að umsóknagerð, samningum og að rekstur verkefna sé í nógu góðu formi til að þola endurskoðun.

Verkefnið fékk stuðning stjórnar.

7. *Önnur mál.*

ÁE minnti á að frestur til að skila tilnefningum vegna Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs væri að renna út. Nokkur nöfn voru nefnd og ESS beðinn um að senda námsbrautarformönnum áminningu.

ESS hvatti viðstadda til að huga að START styrkjum Rannsóknasjóðs Rannís, þ.e. nýdoktorastyrkjum. Í ár væru um 15 styrkir í boði, sem er mun meira en undanfarin ár.

Fundi slitið kl. 17:00.